

Ár 2018, föstudaginn 12. október, kl. 08:30 er dómping áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands(KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Jóhannesi Albert Sævarssyni (dómsformanni), Guðmundi Péturssyni og Herði Felix Harðarsyni.

**Fyrir er tekið
mál nr. 4/2018
Knattspyrnudeild Knattspyrnufélagsins Vals
gegn
Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ**

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi
dómur.

I

Mál þetta dæma Jóhannes Albert Sævarsson, Guðmundur Pétursson og Hörður Felix Harðarson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 11. september 2018, þar sem úrskurðað var að Valur knattspyrnudeild skyldi greiða 75.000 króna sekt vegna opinberra ummæla Ólafs Jóhannessonar þjálfara meistaraflokks knattspyrnuliðs karla, sem birtust á vefmiðlinum visir.is þann 2. september 2018.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 18. september 2018 þar sem knattspyrnudeild Vals gerir eftifarandi kröfur:

Aðallega að málinu verði vísað frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ. Til vara að áfrýjandi verði sýknaður og sektarákvörðun aga- og úrskurðarnefndar verði felld niður. Til þrautavara að áfrýjanda verði ekki gerð refsing vegna ummæla Ólafs Jóhannessonar í viðtali á vefmiðlinum visir.is sem birt var 2. september 2018. Til þrautaþrautavara er þess krafist að sekt áfrýjanda verði lækkuð.

Ekki liggur fyrir greinargerð frá varnaraðila í málinu.

II

Málavextir eru þeir að eftir leik á milli KA og Vals í Pepsí-deild karla sem fram fór á Akureyrarvelli sunnudaginn 2. september 2018 viðhafði Ólafur Jóhannesson þjálfari Valsmanna, eftifarandi ummæli: „*Dómarinn er náttúrulega Stjörnumaður. Hann er fæddur og uppalinn í Stjörnunni, í Stjörnuheimilinu nánast og auðvitað fór hann ekki að dæma viti fyrir okkur. Það náttúrulega gaf auga leið.*“

Framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) taldi ummæli þessi vera til þess fallin að geta skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu og eins draga í efa heiðarleika dómara í leik KA og Vals í Pepsí-deild karla þann 2. september 2018 og vísaði málinu því til aga- og úrskurðarnefndar með bréfi dags. 4. september 2018 með vísan til 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Með greinargerð til aga- og úrskurðarnefndar dags. 11. september 2018 kafðist áfrýjandi þess aðallega að málínu yrði vísað frá aga- og úrskurðarnefnd, til vara að viðurlögum yrði ekki beitt og til þrautavara að viðurlög, yrðu þau ákveðin, myndu verða eins væg og unnt væri.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 11. september 2018 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ummæli þjálfarans væru ósæmileg og ákvað að sekta áfrýjanda vegna þeirra. Vegna alvarleika brotsins var sektarfjárhædin ákveðin 75.000 krónur.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 18. september 2018 frá knattspyrnudeild Vals.

III

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrilliggjandi gögn málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 11. september 2018. Í grein 4.2. í reglugerð um aga- og úrskurðarmál segir að að minnsta kosti þrír nefndarmenn aga- og úrskurðarnefndar skulu taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a.m.k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður. Þrír nefndarmenn stóðu að þeirri ákvörðun sem tekin var á fundinum, þar af var formaður aga- og úrskurðarnefndar. Því verður ekki fallist á frávísunarkröfu áfrýjanda er byggir á þeirri málsástæðu að ekki hafi verið rétt staðið á ákvörðun nefndarinnar. Þá hefur ekki verið sýnt fram á vanhæfi nefndarmanna til að taka ákvörðun í málínu.

Samkvæmt 21. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál er framkvæmdastjóra KSÍ heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Það á undir mat framkvæmdastjóra KSÍ hverju sinni hvort tilefni sé til þess að beita heimildinni. Ummæli þjálfara meistaraflokks Vals í umrætt sinn þóttu að mati framkvæmdastjóra KSÍ gefa tilefni til að vísa málínu til aga- og úrskurðarnefndar. Því verður ekki fallist á frávísunarkröfu áfrýjanda sem byggir á því að atvik, þar sem voru ummæli þjálfara Vals, hafi ekki verið með þeim hætti að þau hafi gefið framkvæmdastjóra KSÍ tilefni til að nýta heimild 21. gr. og vísað þeim til aga- og úrskurðarnefndar.

Áfrýjunardómstóll KSÍ álítur ósæmileg þau ummæli Ólafs Jóhannessonar þjálfara meistaraflokks Vals um dómara leiks KA og Vals sem framför sunnudaginn 2. september sl., og viðhöfð voru á vefmiðlinum [vísir.is](#), og til þess fallin að skaða ímynd knattspyrnunnar og þeirra sem þátt taka í leiknum. Dreginn var í efa heiðarleiki dómara leiksins, Einars Inga Jóhannssonar, og með ummælunum gefið í skyn að dómarinn hefði í störfum sínum dæmt gegn betri vitund og vísvitandi sleppt að dæma um atvik í leiknum vegna tengsla sinna við UMF Stjörnuna úr Garðabæ, en félagið leikur einnig í Pepsi-deild karla.

Með vísan til framanritaðs er staðfest sú ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 11. september 2018 um að áfrýjandi skuli sæta viðurlögum samkvæmt grein 13.9.5. reglugerðar aga- og úrskurðarmála vegna hinna ósæmilegu ummæla sem Ólafur Jóhannesson þjálfari meistaraflokks knattspyrnudeilda Vals, lét falla í viðtali við vefmiðilinn [vísir.is](#) og birtist 2. september 2018.


Með vísan til alvarleika brotsins er úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, um að áfrýjandi skuli greiða 75.000 króna sekt vegna ummæla Ólafs Jóhannessonar þjálfara meistaraflokks karla hjá knattspyrnudeild Vals, staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.


Jóhannes Albert Sævarsson


Guðmundur Pétursson


Hörður Felix Harðarson